



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Breyting á reglum um undanþágu frá greiðslum á frístundaheimilum***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. október 2016 var lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs, 12. október 2016:

Lagt er til að undanþágan nái til allra barna sem eru í grunnskólum reknnum af Reykjavíkurborg sem og sjálfstætt reknnum og að veitt verði tímabundin undanþága frá greiðslu gjalda óháð því hvort lögheimili barnsins er í Reykjavík eða ekki.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins var samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. október 2016:

Lagt er til að gerð verði sú breyting á reglum um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi að við reglurnar verði bætt við nýrri 5. gr. sem hljómi svo: Reglurnar gilda jafnframt fyrir foreldra og börn sem eru í sjálfstætt reknnum grunnskólum í Reykjavík, að því gefnu að við skólann sé rekið frístundaheimili. Að uppfylltum skilyrðum reglnanna greiðir skóla- og frístundasvið hlut foreldra í gjaldi fyrir dvöl í frístundaheimili enda taki gjaldskrá frístundaheimilisins mið af gjaldskrá fyrir frístundaheimili Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir.


Jafnframt voru lagðar fram reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi, með viðbótum.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Þann 13. október 2016 var tillögu um reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vísað til borgarráðs. Farið er fram á að tillaga um reglur og breytingu á þeim verði afgreidd samtímis.

Málsnr.: R 1610 0189  
Skjalasafn Ráðhúss  
31. okt. 2016  
Bréfalykill: 4400

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra, dags. 23. október 2016

Reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili  
vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 23. október 2016  
SFS2016100024  
107. fundur / fskj. 2/3  
HG/sp

## Bréf

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru nýflutt til Íslands***

Lagt er til að gerð verði sú breyting á reglum um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi að við reglurnar verði bætt við nýrri 5. gr. sem hljómi svo: Reglurnar gilda jafnframt fyrir foreldra og börn sem eru í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík, að því gefnu að við skólann sé rekið frístundaheimili. Að uppfylltum skilyrðum reglnanna greiðir skóla- og frístundasvið hlut foreldra í gjaldi fyrir dvöl í frístundaheimili enda taki gjaldskrá frístundaheimilisins mið af gjaldskrá fyrir frístundaheimili Reykjavíkurborgar.

### **Greinargerð:**

Á fundi skóla- og frístundasviðs þann 12. október 2016 voru samþykktar reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi.

Á sama fundi var lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Reglurnar gilda jafnframt fyrir foreldra og börn sem eru í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík, að því gefnu að við skólann sé rekið frístundaheimili. Að uppfylltum skilyrðum reglnanna greiðir skóla- og frístundasvið hlut foreldra í gjaldi fyrir dvöl í frístundaheimili enda taki gjaldskrá frístundaheimilisins mið af gjaldskrá fyrir frístundaheimili Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundasvið hefur kannað hversu mörg börn í 1. – 4. bekk í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík geti fallið undir þá skilgreiningu að hafa flutt nýlega til landsins eða á árinu 2016 og hafi annaðhvort búið erlendis í fimm ár eða lengur eða eru með annað móðurmál en íslensku. Það eru 3 börn í Reykjavík International School og 1 barn úr Skóla Ísaks Jónssonar, sem falla undir þessa skilgreiningu. Við öflun gagna frá sjálfstætt reknum skólum var stuðst við niðurstöður úr Milli mála málkönnunarprófinu sem og sendur póstur á skólastjóra til að fá staðfestingu á þessum fjölda. Lagt er til að þessum börnum standi til boða

Þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili sem rekið er við þann grunnskóla er barnið stundar nám við. Í reglunum var gert ráð fyrir að þær næðu til barna sem væru í grunnskólum Reykjavíkurborgar óháð lögheimili þeirra.

Í ljósi nýrra gagna þ.e. frá Milli mála málkönnunarprófi nemenda í 1. – 10. bekk, hefur komið í ljós að fjöldi barna er í raun mun hærri en fram kom í minnisblaði sem lagt var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 12. október 2016. Alls eru 76 börn í 1. – 4. bekk, sem falla undir skilgreininguna um að hafa flutt til landsins 2016 og hafa annaðhvort búið erlendis í fimm ár eða lengur eða eru með annað móðurmál en íslensku, af þessum 76 börnum eru 4 börn úr sjálfstætt starfandi grunnskólum.

## Reglur um undanþágu frá greiðslu gjalda fyrir dvöl á frístundaheimili vegna barna sem eru að hefja skólagöngu á Íslandi

1. Til að efla þátttöku barna í frístundastarfi sem flutt hafa til Íslands á árinu 2016 og eru í grunnskóla rekrum af Reykjavíkurborg, stendur þeim og foreldrum þeirra til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili sem rekið er við þann grunnskóla er barnið stundar nám við.
2. Reglurnar gilda um börn í 1. – 4. bekk sem hafa flutt til landsins á árinu 2016 og hafa annaðhvort búið erlendis í fimm ár eða lengur eða eru með annað móðurmál en íslensku.
3. Foreldrar geta fengið undanþágu frá greiðslu gjalda í 3 mánuði óháð fjölda daga og verða þessir þrjú mánuðir að vera í samfellu. Kostnaður við síðdegishressingu er innifalinn. Foreldrar þurfa að greiða fyrir lengda viðveru (á foreldradögum og starfsdögum og í jóla- og páskafríum grunnskóla).
4. Skólastjórnendum og forstöðumönnum frístundaheimila ber að kynna þessar reglur fyrir foreldrum barna sem geta nýtt sér þær.
  - a. Skólastjórnendur hafa yfirsýn yfir börn sem eru nýflutt til Íslands, þ.e. á árinu 2016, og eru að hefja nám í 1. – 4. bekk. Skólastjóri boðar forstöðumann frístundaheimilis í móttökuvíðtal vegna barna sem eru með annað móðurmál en íslensku, eru nýflutt til landsins og eru að byrja í 1.-4. bekk grunnskólans skv. móttökuáætlun, sjá: <http://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>. Þar býður forstöðumaður frístundaheimilis foreldrum upp á gjaldfrjálsa dvöl fyrir barnið á frístundaheimili í þrjú mánuði.
  - b. Taki forstöðumaður frístundaheimilis í einhverjum tilfellum ekki þátt í móttökuvíðtali ber skólastjórnendum að fá leyfi hjá foreldrum til upplýsa forstöðumann frístundaheimilisins um barnið og hvernig hann geti haft samband við foreldrana til að kynna fyrir þeim frístundaheimilið og undanþágu frá greiðslu gjalda.

- c. Staðlað upplýsingablað um undanþágu frá greiðslu gjalda vegna frístundaheimila er notað við að kynna verkefnið fyrir foreldrum.
  - d. Forstöðumenn frístundaheimila eru hvattir til að nota túlk, annað hvort símatúlk eða á fundi.
  - e. Forstöðumenn frístundaheimila fá efni til stuðnings við móttöku tví- og fjöltyngdra barna á frístundaheimili.
  - f. Forstöðumaður frístundaheimilis aðstoðar foreldra við að skrá barnið á frístundaheimilið.
5. Reglurnar gilda jafnframt fyrir foreldra og börn sem eru í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík, að því gefnu að við skólann sé rekið frístundaheimili. Að uppfylltum skilyrðum regnanna greiðir skóla- og frístundasvið hlut foreldra í gjaldi fyrir dvöl í frístundaheimili enda taki gjaldskrá frístundaheimilisins mið af gjaldskrá fyrir frístundaheimili Reykjavíkurborgar.
6. Reglurnar taka gildi 1. nóvember 2016 og gilda til 10. júní 2017. Gjaldfrjáls frístund þarf að hafa átt sér stað innan framangreinds tíma.